

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá belgískum dýrasjúkdóma- yfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Belgíu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu sem sett var með auglýsingu nr. 313/2003, sbr. og auglýsingu nr. 338/2003 framlengt til mánudagsins 21. júlí 2003.

Jafnframt er framlengt til 21. júlí 2003 bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi sem sett var með auglýsingu nr. 167/2003, sbr. og auglýsingu nr. 267/2003 og bann við sams konar innflutningi frá Þýskalandi sem sett var með auglýsingu nr. 338/2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.